# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2018, föstudaginn 2. nóvember kl. 09:20, hélt skipulagsstjóri Reykjavíkur 703. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Marta Grettisdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Margrét Þormar, Sólveig Sigurðardóttir, Björn Ingi Edvardsson, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Jón Kjartan Ágústsson, Lilja Grétarsdóttir, Ingvar Jón B. Gíslason, Hildur Gunnarsdóttir og Hrafnhildur Sverrisdóttir.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. **Laugavegur 25,** *(fsp) veggur við lóðarmörk* (01.172.0) Mál nr. SN180736 Skjalnr. 12241

Ingunn Helga Hafstað, Blönduhlíð 7, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Ingunnar Helgu Hafstað dags. 22. október 2018 ásamt bréfi dags. 22. október 2018 um að setja 1,8 til 2,0 metra háan vegg á lóðarmörkum lóðarinnar nr. 25 við Laugaveg.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

2. **Fossvogshverfi - Stjörnugróf 7-11,** *breyting á deiliskipulagi* (01.85) Mál nr. SN160479 Skjalnr. 5378

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga skrifstofu eigna og atvinnuþróunar varðandi breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðanna nr. 7-11 við Stjörnugróf. Í breytingunni felst afmörkun lóða fyrir Stjörnugróf 7 og 9 og gera nýja lóð fyrir Stjörnugróf 11 þar sem heimilt verður að byggja íbúðarkjarna fyrir fatlaða einstaklinga á vegum velferðarsviðs Reykjavíkur, samkvæmt uppdr. A2A arkitekta dags. 2. ágúst 2018. Tillagan var auglýst frá 19. september 2018 til og með 31. október 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Veitur dags. 28. ágúst 2018 og Soffía D. Halldórsdóttir dags. 27. október 2018.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

3. **Háteigsvegur 32,** *Kjallaraíbúð breytt, byggja garðstofu og svalir ofan á þær.* (01.245.306) Mál nr. BN055052 Skjalnr. 8036

Áslaug Magnúsdóttir, Bandaríkin, Vildís Halldórsdóttir, Háteigsvegur 32, 105 Reykjavík
Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, Álakvísl 134, 110 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. ágúst 2018 þar sem sótt um leyfi til að byggja garðstofu, koma fyrir svölum ofan á garðstofuna þar sem gengið er út frá 1. hæð, breyta innra skipulagi íbúðar í kjallara og breyta útliti á stofugluggum í kjallara í húsinu á lóð nr. 32 við Háteigsveg. Erindi var grenndarkynnt frá 3. október 2018 til og með 31. október 2018. Engar athugasemdir bárust. Bréf frá eigendum hús þar sem hönnuður er veitt leyfi til að sækja um byggingaleyfi fyrir breytingum á húsinu dags. 12. júní 2018. Stækkun vegna garðstofu er: XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 11.000

*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

4. **Hraunbær 103A,** *breyting á deiliskipulagi* (04.331.1) Mál nr. SN180576 Skjalnr. 8320

610786-1629 Dverghamrar ehf., Lækjarbergi 46, 221 Hafnarfjörður
Kristinn Ragnarsson, Skaftahlíð 27, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 13. ágúst 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 103A við Hraunbæ. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli ofanjarðar úr 1.7 í 1.8, fjölgun bílastæða úr 22 stæðum í 28 o.fl., samkvæmt uppdr. Kristins Ragnarssonar dags. 12. september 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 28. september 2018 til og með 26. október 2018. Engar athugasemdir bárust.
*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

5. **Jórufell 2-12,** *nr. 4 - búsetuúrræði* (04.685) Mál nr. SN180742 Skjalnr. 13114

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. október 2018 var lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 23. október 2018 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna búsetuúrræðis fyrir fíkla sem reka á í tveimur íbúðum í húsinu að Jórufelli 4, lóð nr. 2-12 við Jórufell. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. XXXX.
*Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.*

6. **Kambsvegur 24,** *Viðbygging* (01.354.107) Mál nr. BN055119 Skjalnr. 11814

Viggó Þór Marteinsson, Kambsvegur 24, 104 Reykjavík
Þórhildur Þórisdóttir, Kambsvegur 24, 104 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við bílskúr og innrétta gróðurskála og vinnuherbergi í stækkuðum bílskúr við einbýlishús á lóð nr. 24 við Kambsveg. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. september 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. september 2018. Stækkun: 40 ferm., 110,6 rúmm.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

7. **Blikastaðavegur 2-8,** *breyting á deiliskipulagi* (02.4) Mál nr. SN180750 Skjalnr. 7976

581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 29. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2-8 við Blikastaðaveg. Í breytingunni felst að færa útaksturstengingu norðan megin á lóð vestar og bæta við annarri tengingu til útaksturs af bílaplani við norðausturenda hússins inn á Blikastaðaveg, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 26. apríl 2018 br. 29. október 2018.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breyting á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1193/2016, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.*

8. **Kjalarnes, Saltvík,** *breyting á deiliskipulagi* Mál nr. SN180552 Skjalnr. 10151

Atli Jóhann Guðbjörnsson, Flétturimi 5, 112 Reykjavík

Að lokinni auglýsingum er lögð fram að nýju umsókn Atla Jóhanns Guðbjörnssonar dags. 31. júlí 2018 um breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall er aukið á reit B úr 0.3 í 0.5 og lóðir endurskilgreindar þannig að í stað þess að vera hringlaga þá er þeim breytt í ferhyrnda, samkvæmt uppdrætti TAG teiknistofu ehf. dags. 30. júlí 2018. Tillagan var auglýst frá 19. september 2018 til og með 31. október 2018. Engar athugasemdir bárust.

*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*

9. **Kjalarnes, Sætún,** *breyting á deiliskipulagi* Mál nr. SN180648 Skjalnr. 10219

Kristinn Gylfi Jónsson, Seilugrandi 11, 107 Reykjavík

Lögð fram umsókn Kristins Gylfa Jónssonar dags. 19, september 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar Sætún á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að í stað einnar lóðar fyrir atvinnuhúsnæði verða tvær lóðir, samkvæmt uppdrætti Einars Ingimarssonar arkit. dags. 15. október 2018. Einnig er lagður fram tölvupóstur Kristins Gylfa Jónssonar dags. 2. nóvember 2018 ásamt lagfærðum uppdr. dags. 29. október 2018.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
*Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1193/2016.*

10. **Kjalarnes, Vallá,** *breyting á deiliskipulagi* Mál nr. SN180550 Skjalnr. 10157

630191-1579 Stjörnuegg hf., Vallá, 162
500215-1000 TAG teiknistofa ehf., Flétturima 5, 112 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Atla Jóhanns Guðbjörnssonar dags. 30. júlí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vallá á Kjalarnesi. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit A til suðurs og vesturs og bæta við nýjum aðkomuvegi samkvæmt uppdrætti TAG teiknistofu ehf. dags. 30. júlí 2018. Tillagan var auglýst frá 19. september 2018 til og með 31. október 2018. Engar athugasemdir bárust.

*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*

11. **Krókháls 9 og 11,** *(fsp) afnot af borgarlandi* Mál nr. SN180674 Skjalnr. 11856

500299-2319 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Landslags ehf. dags. 27. september 2018 ásamt greinargerð dags. 12. september 2018 varðandi afnot af borgarlandi norðan við Krókháls 9 og 11.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

12. **Kvosin,** *breyting á deiliskipulagi* (01.1) Mál nr. SN180765 Skjalnr. 5497

Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar. Í tillögunni felst breyting á afmörkun skipulagsins í samræmi við breytta afmörkun á skipulagi Austurhafnar sem verður auglýst samhliða. Breytingin er tilkomin vegna þess að ráðgert er að gera gömlu Steinbryggjuna sýnilega og gera að torgsvæði, en svæðið skaraði tvenn skipulagsmörk, samkvæmt uppdr. Landmótunar, dags. 2. nóvember 2018.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

13. **Nesvík,** *Reyndarteikningar* (00.018.002) Mál nr. BN055291 Skjalnr. 10177

561215-2000 Nesvík fasteignir ehf., Brautarholti 4, 116 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. október 2018 þar sem sótt er um samþykki fyrir áður gerðum breytingum á sumarhúsum á lóðinni Nesvík á Kjalarnesi. Jafnframt er erindi BN052728 dregið til baka. Gjald kr. 11.000
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*

14. **Sundahöfn, norðan Vatnagarða,** *breyting á deiliskipulagi* (01.332) Mál nr. SN180743 Skjalnr. 9634

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Faxaflóahafna sf. dags. 24. október 2018 ásamt bréfi dags. 24. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða vegna Sundahafnar. Í breytingunni felst að skilgreina tvo byggingarreiti á lóð Sægarða 9, stækka og breyta sérskilmálum fyrir lóð Sægarða A og gera nýjar lóðir fyrir dreifistöð Sægarðar 13 og spennistöð Sægarðar 17, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 15. október 2018.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1193/2016*

15. **Vatnagarðar 12,** *staðsetning ökutækjaleigu* (01.337.8) Mál nr. SN180740 Skjalnr. 11503

540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. október 2018 var lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 23. október 2018 þar sem óskað er eftir umsögn um rekstur ökutækjaleigu að Vatnagörðum 12. Sótt er um leyfi fyrir allt að 20 ökutækjum í útleigu frá starfsstöð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. október 2018.
*Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 29. október 2018.*

16. **Ármúli 42,** *(fsp) uppbygging á lóð og breyting á notkun* (01.295.1) Mál nr. SN180747 Skjalnr. 6461

661198-2819 Karmur ehf., Ármúla 42, 108 Reykjavík
690906-1390 Batteríið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður

Lögð fram fyrirspurn Jóns Ólafs Ólafssonar dags. 26. október 2018 ásamt greinargerð dags. 15. október 2018 um að breyta efri hæðum framhússins á lóð nr. 42 við Ármúla í íbúðir ásamt byggingu íbúðarhúss á baklóðinni með bílageymslu og sameiginlegu útisvæði ofan á þaki bílageymslu.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

17. **Borgartún 8-16A,** *(fsp) Bríetartún 9-11 - gististaður/hostel* (01.220.1) Mál nr. SN180694 Skjalnr. 5902

Gísli Valur Gíslason, Laugateigur 12, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lögð fram fyrirspurn Gísla Vals Gíslasonar dags. 4. október 2018 um rekstur gististaðar/hostel í húsinu að Bríetartúni 9-11, lóð nr. 8-16A við Borgartún. Einnig er lögð fram skissa/tillaga ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2018.
*Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 2. nóvember 2018.*

18. **Kirkjustétt 2-6,** *Breyting inni og viðbygging á vesturhlið + 3. hæð* (04.132.201) Mál nr. BN055202 Skjalnr. 9038

530516-0670 M fasteignir ehf., Bæjarlind 14-16, 200 Kópavogur

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi og notkun rýma í matshluta 02, einnig er sótt um leyfi til að byggja 3. hæð ofan á núverandi hús sem og viðbyggingu við vesturhlið húss á lóð nr. 2-6 við Kirkjustétt. Stækkun: 772,0 ferm., 2.547,0 rúmm. Erindinu fylgir samþykki meðlóðarhafa á breytingu á deiliskipulagi, dagsett 28. mars. 2017. Gjald kr. 11.000
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

19. **Laugavegur 105,** *(fsp) viðbygging við bakhlið hússins* (01.240.0) Mál nr. SN180735 Skjalnr. 10620

Björn Stefán Hallsson, Álakvísl 134, 110 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Björns Stefáns Hallssonar dags. 19. október 2018 ásamt bréfi dags. 18. október 2018 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.240.0, Hlemmur, vegna lóðarinnar nr. 105 við Laugaveg sem felst í að gera viðbygging við bakhlið núverandi byggingar á 2. 3. og 4. hæð, samkvæmt uppdr. Plan 21 ehf. dags. 1. október 2018. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 16. október 2018.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

20. **Lindarvað 2-14,** *Viðbygging* (04.771.102) Mál nr. BN055349 Skjalnr. 13865

Rúnar Marinó Ragnarsson, Lindarvað 2, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. október 2018 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. október 2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu á austurhlið húss nr. 2 á lóð nr. 2-8 við Lindarvað. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2018. Stækkun: xx ferm., xx rúmm.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2018.*

21. **Miðtún 82,** *(fsp) - Samþykkt á áðurgerðri íbúð* (01.235.110) Mál nr. BN055297 Skjalnr. 14038

Sigurður Harðarson, Njarðargata 41, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem spurt er hvort áður gerð (ósamþykkt) íbúð í risi fengist samþykkt sem íbúð í húsi nr. 82 við Miðtún.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

22. **Sóleyjarimi 33-49,** *(fsp) nr. 39 - sólskáli* (02.536) Mál nr. SN180746 Skjalnr. 11184

Sigrún Hjálmarsdóttir, Sóleyjarimi 39, 112 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Sigrúnar Hjálmarsdóttur mótt. 10. október 2018 um að setja sólskála við húsið nr. 39 á lóð nr. 33-49 við Sóleyjarima.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

23. **Vonarstræti 4/Lækjargata 12,** *breyting á deiliskipulagi* Mál nr. SN180744 Skjalnr. 13975

630169-2919 Íslandshótel hf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík
450913-0650 Atelier Arkitektar slf., Skaftahlíð 16, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Björns Skaptasonar dags. 24. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Lækjargötu 10-12, Vonarstræti 4 og 4b, Skólabrú 2 vegna lóðarinnar nr. 4 við Vonarstræti. Í breytingunni felst að heimilt er að hækka mænishæð á þaki hússins og setja fimm nýja kvisti. Heimilt verður að útbúa fjögur ný hótelherbergi á breyttri þakhæð og mun hæðin samtengjast efstu hæð nýbyggingar er liggur samsíða henni, samkvæmt uppdr. Atelier Arkitekta slf. dags. 24. október 2018. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. júní 2018.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

24. **Smiðshöfði 8,** *(fsp) gististaður* (04.061.3) Mál nr. SN180729 Skjalnr. 6636

680406-3160 Nings ehf., Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík

700118-1340 Trípólí ehf., Klapparstíg 16, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Arnars G. L. Andréssonar dags. 17. október 2018 um rekstur gististaðar á 3. hæð hússins á lóð nr. 8 við Smiðshöfða, samkvæmt uppdr. Trípólí ódags.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

25. **Áland 1,** *breyting á deiliskipulagi* (01.847.1) Mál nr. SN180693 Skjalnr. 5466

Magnús Einarsson, Áland 1, 108 Reykjavík
430707-1670 Studio F ehf, Kelduhvammi 6, 220 Hafnarfjörður

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lagt fram erindi Studio F ehf. dags. 3. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Áland. Í breytingunni felst að breyta þakformi viðbyggingar úr sama formi á núverandi húsi yfir í flatt viðsnúið þak með þaksvölum, samkvæmt uppdr. Studio F ehf. dags. 3. október 2018.

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Akralandi 1, Búlandi 1, Álfalandi 6.*

*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1193/2016.*

26. **Borgartún 1,** *(fsp) breyting á deiliskipulagi* (01.216.2) Mál nr. SN180751 Skjalnr. 6558

450613-2310 BE eignir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
680504-2880 PKdM Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn PKdM Arkitekta ehf. dags. 23. október 2018 ásamt bréfi dags. 26. október 2018 um breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vegna lóðarinnar nr. 1 við Borgartún sem felst í auknu byggingarmagni og hækkun hámarkshæðar húss, stækkun lóðar til austurs að lóðinni Borgartún 3 og samsvarandi minnkun þeirrar lóðar o.fl., samkvæmt deiliskipulagsuppdr. PKdM Arkitekta ehf. dags. 26. október 2018. Einnig er lagður fram skuggavarpsuppdr. PKdM Arkitekta ehf. dags. 26. október 2018 og tillaga PKdM Arkitekta ehf. að byggingu á lóðinni dags. 26. október 2018.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

27. **Langagerði 48,** *Reyndarteikningar sbr. BN033298* (01.832.105) Mál nr. BN055284 Skjalnr. 11073

Auðunn Jóhann Guðmundsson, Langagerði 48, 108 Reykjavík
Magdalena Elísabet Andrésdóttir, Langagerði 48, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. október 2018 þar sem sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN033298 þannig að núverandi svalir eru fjarlægðar og nýjar svalir byggðar á viðbyggingu og gluggum breytt á húsinu á lóð nr. 48 við Langagerði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2018. Gjald kr. 11.000

*Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 2. nóvember 2018.*

28. **Langholtsvegur 177-179,** *(fsp) stækkun lóðar* (01.47) Mál nr. SN180650 Skjalnr. 13738

Jóhann Eyvindsson, Langholtsvegur 179, 104 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lögð fram umsókn Jóhanns Eyvindssonar dags. 19. september 2018 varðandi stækkun lóðarinnar að Langholtsvegi 179, lóð nr. 177-179 við Langholtsveg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. oktober 2018.

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 31. október 2018.*

29. **Lindargata 14,** *Breyting á nýtingu matshluta 1. hæðar* (01.151.503) Mál nr. BN055269 Skjalnr. 8280

600109-0570 LB ráðgjöf ehf., Pósthólf 251, 121 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. október 2018 þar sem sótt er um leyfi til að sameina matshluta á lóð og breyta notkun 1. hæðar úr iðnaði í íbúð í húsi á lóð nr. 14 við Lindargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. október 2018. Gjald kr. 11.000
*Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 30. október 2018.*

30. **Ljárskógar 29,** *(fsp) tvöfaldur bílskúr* (04.942.4) Mál nr. SN180364
Skjalnr. 13945

450400-3510 VA arkitektar ehf, Borgartúni 6, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. október 2018 var lögð fram fyrirspurn VA arkitekta ehf. dags. 22. október 2018 um breytingu á deiliskipulagi Seljahverfis vegna lóðarinnar nr. 29 við Ljárskóga sem felst í að byggja tvöfaldan stakstæðan bílskúr í suðvesturhorni lóðarinnar og breyta innbyggðri bílageymslu ásamt öðrum rýmum á neðri hæð hússins í íbúð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. nóvember 2018.
*Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 1. nóvember 2018.*

31. **Rauðarárstígur 35-41 og Þverholt 20-32,** Mál nr. SN180709
*(fsp) Þverholt 32 - fjölgun íbúða* Skjalnr. 9313

Jón Ásgeir Einarsson, Akurgerði 37, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lögð fram fyrirspurn Jóns Ásgeirs Einarssonar mótt. 8. október 2018 um að skipta íbúð í húsinu nr. 32, mhl. 301, á lóð nr. 35-41 við Rauðarárstíg og 20-32 við Þverholt í tvær íbúðir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. október 2018.
*Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 30. október 2018.*

32. **Skipholtsreitur vegna Skipholts 29,** (01.250.1) Mál nr. SN180635
*breyting á deiliskipulagi* Skjalnr. 6213

700412-0910 X-JB ehf., Krókhálsi 5, 110 Reykjavík
490216-0650 GP-arkitekt ehf., Litlubæjarvör 4, 225 Álftanes

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. október 2018 var lögð fram umsókn GP-arkitekta ehf. dags. 12. september 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skipholtsreits vegna lóðarinnar nr. 29 við Skipholt. Í breytingunni felst að breyta þaki yfir 4. hæð á bakhúsi þannig að hægt sé að nýta fulla hæð, samkvæmt uppdr. GP-arkitekta ehf. dags. 1. september 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
*Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1193/2016.*

33. **Austurbakki 2,** *breyting á deiliskipulagi* Mál nr. SN170918
Skjalnr. 6624

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
690906-1390 Batteríið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Sigurðar Einarssonar f.h. Faxaflóahafna sf. mótt. 12. desember 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar vegna lóðar nr. 2 við Austurbakka. Í breytingunni felst að bætt verður við nýrri lóð með byggingarreit 14 á Faxagarði fyrir spenni- og rafdreifistöð auk vaktaðstöðu, samkvæmt uppdr. Batterísins Arkitekta ehf. dags. 14. ágúst 2018. Tillagan var auglýst frá 19. september 2018 til og með 31. október 2018. Engar athugasemdir bárust.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*

34. **Austurbakki 2,** *breyting á deiliskipulagi* Mál nr. SN180703
*vegna Landsbanka* Skjalnr. 6624

471008-0280 Landsbankinn hf., Austurstræti 11, 155 Reykjavík

690906-1390 Batteríið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lögð fram umsókn Sigurðar Einarssonar dags. 8. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar vegna lóðarinnar nr. 2 við Austurbakka. Í breytingunni felst að hámarkskótar byggingar á byggingarreit 6 hækka allir um 0,9 m., samkvæmt uppdr. Batterísins arkitekta ehf. dags. 2. október 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1193/2016.*

35. **Háskólinn í Reykjavík,** *breyting á deiliskipulagi* (01.757.2) Mál nr. SN180561 Skjalnr. 13051

531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
510105-4190 Háskólinn í Reykjavík ehf., Menntavegi 1, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. ágúst 2018 var lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 8. ágúst 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík. Í breytingunni felst að komið er fyrir fimm nýjum byggingarreitum fyrir hjólaskýli á lóð, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 16. ágúst 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti Arkís arkitekta ehf. dags. 22. október 2018 þar sem umsókn er dregin til baka.

*Erindi dregið til baka sbr. tölvupóst Arkís arkitekta ehf. dags. 22. október 2018 .*

36. **Ægisgarður 5,** *Söluhús úr timbri* (01.116.101) Mál nr. BN055244 Skjalnr. 14036

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. október 2018 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. október 2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja sex söluhús úr timbri á steyptum sökklum ásamt inntakshúsi á lóð nr. 5 við Ægisgarð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2018. Stærðir: Mhl. 02: 40,7 ferm., 182,9 rúmm. Mhl. 03: 76,0 ferm., 347,2 rúmm. Mhl. 04: 93,9 ferm., 391,1 rúmm. Mhl. 05: 52,7 ferm., 214,1 rúmm. Mhl. 06: 90,3 ferm., 378,9 rúmm. Mhl. 07: 52,7 ferm., 214,1 rúmm. Mhl. 08: 8,6 ferm., 24,1 rúmm. Alls : 414,9 ferm., 1.752,4 rúmm. Gjald kr. 11.000

*Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 2. nóvember 2018.*

37. **Laugavegur 151-155,** *(fsp) breyting á notkun* (01.222.2) Mál nr. SN180569 Skjalnr. 11636

431011-0850 Ion Hotel ehf., Síðumúla 29, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lögð fram fyrirspurn ION hótels ehf. mótt. 1. ágúst 2018 varðandi breytingu á notkun hússins á lóð nr. 151-155 við Laugaveg úr íbúðarhúsnæði í atvinnuhúsnæði. Fyrispurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2018.

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2018.*

38. **Nönnubrunnur 1,** *Bygging sólskála* (05.053.701) Mál nr. BN054582 Skjalnr. 11634

Ólafur Örn Ingólfsson, Nönnubrunnur 1, 113 Reykjavík
Ingibjörg J. Guðmundsdóttir, Nönnubrunnur 1, 113 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem sótt er um leyfi til uppsetningar á opnanlegu garðskýli úr álrömmum á rennibrautum, glerjað með einföldu samlímdu öryggisgleri á þaksvölum íbúðar 0301 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 1. við Nönnubrunn. Samþykki sumra fylgir dags. 10. janúar 2018. og 15. maí 2018 Bréf hönnuðar dags. 16. okt. 2018. Svalaskýli með B rými XX ferm. XX rúmm.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

39. **Búðagerði 9,** *Áður gerð íbúð, þakhæð* (01.814.009) Mál nr. BN054558 Skjalnr. 10049

490516-0340 NLG 1 ehf., Hverfisgötu 58a, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 18. september 2018 þar sem sótt er um leyfi til að gera stálsvalir á rishæð, breyta innra skipulagi í stigahúsi og fá samþykkta áður gerða íbúð í risi fjölbýlishúss á lóð nr. 9 við Búðagerði. Erindi var grenndarkynnt frá 27. september 2018 til og með 25. október 2018. Engar athugasemdir bárust.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 17. apríl 2018 og samþykki meðeigenda bréf I og II, dags. 25. júní 2018. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. maí 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2018. Gjald kr. 11.000
*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

40. **Bústaðavegur 95,** *(fsp) fjölgun íbúða* (01.819.3) Mál nr. SN180573 Skjalnr. 13996

Auðun Georg Ólafsson, Bústaðavegur 95, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lögð fram fyrirspurn Auðuns Georgs Ólafssonar mótt. 23. júlí 2018 varðandi fjölgun íbúða í húsinu á lóð nr. 95 við Bústaðaveg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2018.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 2. nóvember 2018.*

41. **Faxaskjól 30,** *(fsp) uppbygging* (01.532) Mál nr. SN180724 Skjalnr. 14034

Kristberg Snjólfsson, Hlíðarvegur 33, 200 Kópavogur
Gunnlaugur Jónasson, Hrauntunga 85, 200 Kópavogur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lögð fram fyrirspurn Gunnlaugs Jónassonar dags. 15. október 2018 um uppbyggingu á lóð nr. 30 við Faxaskjól sem felst í byggingu einnar hæðar nýbyggingar á lóð, samkvæmt uppdr. Teikning.is dags. 5. október 2018. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2018.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2018.*

42. **Skólavörðustígur 2,** *(fsp) fjölgun íbúða og breyting á notkun* (01.171.2) Mál nr. SN180756 Skjalnr. 12607

630916-1510 Skólavörðustígur 2 ehf., Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík
Guðbjörn Jón Pálsson, Skeljatangi 27, 270 Mosfellsbær

Lögð fram fyrirspurn Skólavöðrustígs 2 ehf. mótt 16. október 2018 um að skipta eigninni 0202 í húsinu á lóð nr. 2 við Skólavörðustíg í tvær íbúðir og breyta notkun úr tannlæknastofa í gististað. Eignin er staðsett á sitthvorum enda stigagangsins með sér innganga.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

43. **Vesturberg 32-44,** *(fsp) breyting á notkun kjalllara* (04.666.2) Mál nr. SN180762 Skjalnr. 11770

Þórunn Davíðsdóttir, Vesturberg 40, 111 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Þórunnar Davíðsdóttur mótt. 15. október 2018 um að breyta notkun kjallara hússins nr. 40 á lóð nr. 32-44 við Vesturberg í íbúð og setja hurð og tvo glugga á norðurhlið hússins ásamt tröppum.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

44. **Árleynir 2A, Keldnaholti,** *tillaga að starfsleyfi* (02.9) Mál nr. SN180764 Skjalnr. 12897

701002-2880 Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar dags. 31. október 2018 þar sem vakin er athygli á að tillaga að starfsleyfi Matís ohf. að Árleyni 2A hefur verið auglýst á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 28. nóvember 2018.

*Vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:29.

Björn Axelsson Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir